Vélstjórafélag Íslands andvígt frumvarpi um vinnulöggjöf:

Stuðlar að fjölgun verkfalla og ófriði

Stjórn Vélstjórafélags Íslands lýsir yfir algjörri andstöðu við frumvarp til laga um breytingar á lögum um vinnulöggjöfina. Verði frumvarpið að lögum telur stjórn félagsins að það muni ekki stuðla að fækkun verkfalla eða friði á vinnumarkaðinum heldur hinu gagnstæða.

Þetta kemur fram í samþykkt stjórnarfundar Vélstjórafélagsins frá 25. mars sl. Aðrar ástæður fyrir andstöðu stjórnar félagsins gegn frumvarpinu eru m.a. þær að með því sé verið að íhlutast í innri málefni verkalýðsfélaga sem í mörgum mikilvægum atriðum breyta lýðræðislegum samþykktum þeirra. Því sé frumvarpið gróf íhlutun í innri málefni frjálsra félagasamtaka. Þá veikir frumvarpið almenn lýðréttindi félaga í verkalýðsfélögum með því að þeim verður ekki heimilt, eins og öðrum að velja sér fulltrúa til að ráða eigin málum til lykta.

Ennfremur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að um afgreiðslu kjarasamninga gildi annað form atkvæðagreiðslna en almennt gilda um atkvæðagreiðslur í samfélaginu, auk þess sem dregið er úr ábyrgð og þeirri frumskyldu aðila vinnumarkaðarins til að ganga frá samningum og tryggja vinnufrið. Síðast en ekki síst byggir stjórn Vélstjórafélagsins andstöðu sína við frumvarpið á því er lýtur að vinnustaðafélögum.

Í því sambandi er bent á að á vinnustöðum með 250 starfsmenn eða fleiri geti 75% starfsmanna sameinast um stofnun stéttarfélags sem öðlast samningsrétt fyrir viðkomandi starfsmenn og hinum 25% gert skylt að vera þar félagsmenn. Vélstjórar telja að slík skylduaðild sé í andstöðu við grundvallareglur um félagsfrelsi og lýðræði.

-grh

Sameiginleg sendiráð Norðurlandanna í Berlín:

Vinningstillögur í Norræna húsinu

Norrænar vinningstillögur í keppni arktitekta um skipulag lóðar norrænu sendiráðanna í Berlín, verða sýndar í Norræna húsinu frá og með miðvikudeginum til 25. apríl. Þar verða ennfremur sýndar íslenskar tillögur sem bárust í þá keppni.

Íslensk samkeppni er í gangi um endanlegt útlit íslensku sendiráðsbyggingarinnar sem rísa mun meðal húsa hinna Norðurlandanna í Dýragarðshverfinu í Berlín.

Um 40 tillögur hafa þegar borist til Framkvæmdasýslunnar sem annast framkvæmdina. Sérstök dómnefnd mun senn hefjast handa um að dæma milli þeirra tillagna sem borist hafa.

Sendiráðin fimm í Berlín munu opna skrifstofur sínar snemma árs 1999.

- JBP

Sigurður Grétarsson hjá Úthafsafurðum hf.:

Skuldum þeim ekki krónu

„Nú verð ég að spyrja þig, veist þú hver ástæðan fyrir þessu er. Sjálfur hef ég ekki grænan grun um hvað þessi deila fjallar.

Þeir virðast halda að þarna sé um skuld okkar að ræða. Svo er ekki, þetta eru venjulegir samningar um skipaleigu, sem eru alls staðar með sama hætti. Við skuldum þeim ekki eina krónu," sagði Sigurður Grétarsson hjá Úthafsafurðum hf. í Fellabæ í gær.

Sigurður sagði að um væri að ræða tap á afla og peningum. Litháíski togarinn hefur undanfarin ár aflað á Irmingerhafi, sem er milli Íslands, Kanada og Grænlands og gengið býsna vel að sögn Sigurðar.

-JBP

Þröstur Ólafsson, bankaráðsformaður Seðlabankans:

Vinnan orðin víkjandi framleiðsluþáttur

„Þótt íslenskur vinnumarkaður sé öðruvísi saman settur en hjá grónum iðnríkjum, eru ástæður atvinnuleysis sambærilegar. Eftirspurn eftir og nýting framleiðsluþáttarins vinnunnar dregst stöðugt saman, meðan nýting annarra þátta, þ.e. fjármagns og auðlinda eykst. Í upphafi upplýsinga- og tölvualdar er vinnan orðin víkjandi framleiðsluþáttur", sagði Þröstur Ólafsson bankaráðsformaður Seðlabankans á ársfundi hans.

Atvinnuleysið, sem virtist hafa fest sig í sessi, ásamt viðvarandi halla á ríkissjóði sagði Þröstur helstu undantekningarnar frá jákvæðri þróun í efnahagsmálum á undanförnum misserum. Þótt atvinnuleysi væri hér ekki mikið í alþjóðlegum samanburði beri tilvist þess engu að síður vott um efnahagslega meinsemd, sem engin ráð hafi dugað gegn. Enda um fátt meira rætt í efnahagsumræðu meginlandsins.

Hallann á ríkissjóði sagði Þröstur skipulagslegs eðlis. Hann virðist ekki tengdur þeim hagsveiflum sem hér hafi gengið yfir, heldur vera þeim óháður. Úr þessum kerfisgalla verði því trauðla bætt nema með skipulagsumbótum í ríkisrekstrinum.

■

Útlendingur í íslensku málverki á leið með að umbreytast í Íslending.

Á Kjarvalsstöðum sýnir nú Haraldur Jónsson sem segir vitsmunalegt sifjaspell á kreiki í íslenskri þjóðmálaumræðu:

Hvenær missum við sveindóminn í tjáskiptum?

Búið er að setja upp sýningu með nýjum verkum eftir Harald Jónsson á Kjarvalsstöðum. Eftir því sem blaðamaður Tímans komst næst eftir að hafa verið lóðsaður um sýninguna eru þarna á ferð þögul verk um tungumálið sem þröskuld yfir í nýtt þjóðferði, þjóðarvitundina og einangrunarstefnu hennar og sitthvað fleira.

Haraldur telst skúlptúristi á fagmáli myndlistarinnar og er verk hans að þessu sinni fjórþætt. Í fyrsta lagi er einn veggurinn undirlagður beinni röð ljósmynda af útlendingum í íslensku málveri þar sem í eyru þeirra tifa líklega íslensk beyggingardæmi sem ætlað er að síast í vitund þeirra. Aðspurður um hvaða erindi útlendingar í íslenskunámi eiga á sýningu hans kvaðst Haraldur hafa verið lengi að vinna með hljóð og hljóðeinangrun i sinni list. „Svo fór ég að víkka þetta út og koma með fólk inná sýninguna. Þetta er í fyrsta skipti sem ég sýni fólk." Haraldur fannst þetta fólk viðeigandi bæði vegna þess að við, eins og aðrar þjóðir, skilgreinum okkur út frá tungumálinu, það sé okkar landhelgi, og vegna þess að um leið erum við að skilgreina okkur útfrá sjónarhorni útlendinga.

Þannig virðist sem útlendingar eigi svarréttinn við spurningum um sjálfsmynd Íslendinga. „Alltaf þegar umræðan byrjar þá er hún kæfð aftur, eins og í biskupsmálinu. Það er eins og við rétt náum að komast á gelgjuskeið, missa sveindóminn eða meydóminn í tjáskiptum en þá um leið er öll umræða kæfð."

-Öll umræða sem tengist okkar sjálfsímynd áttu við?

„Já. Ég held bara að það sé svo mikið svona vitsmunalegt sifjaspell í gangi. Við viljum ekki taka inn voða mikið af nýjum hugmyndum. Við viljum vera með í alþjóðlegu samstarfi en við viljum í raun og veru ekki taka á móti neinu. Við erum voðalega lengi að taka eitthvað inn nema sykur og tyggjó og svoleiðis alls konar. Æðislega æst í það, bara eins og dýr. En um leið viljum við ekki neinar umræður um aðskilnað ríkis og kirkju og spyrja okkur hvert sé hlutverk forsetans, er hann drottning eða sendiherra eða hvað?"

Ef einhver hefur týnt þræðinum þá er hann nú tekinn upp aftur og Haraldur útskýrir að útlendingarnir á myndunum séu að koma inn á okkar málsvæði og þar með inn á okkar yfirráðasvæði og vígjast inn í þjóðfélagið.

Þ og Ð skipa sérstakan sess á sýningunni og mynda hornrétt tengsl við ljósmyndirnar. Þessir bókstafir eru séreign íslensku þjóðarinnar og undirstrikar Haraldur það enn frekar með því útbúa þá úr brúnu einangrunarefni þannig að þeir mynda tvo hlemma á gólfinu og ásamt litnum hafa þeir beina skírskotun til moldarkofanna þar sem torfið einangraði fólk frá óreiðunni úti. Því næst ganga gestir framhjá vegg klæddum löngu svörtu breiðtjaldi sem virðist hálf marklaust við fyrstu sýn en það er geysilega mikilvægur hlekkur í verkinu:

„Þetta er stærsta verkið á sýningunni að rúmmáli. Það gefur í rauninni tóninn fyrir sýninguna alla."

-Sem á þá að skella á (sagði blaðamaður og hnykkti til höfði til útskýringar á skellinum sem kæmi á heilann við svarta teppið) skynjun fólks og ná um leið athygli þeirra?

„Já. Fólk er svo fljótt að skoða sýningar að það er mikill metnaður hjá mér að það hægi gönguna. Teppið er svo langt að það verður lengi að ganga framhjá því."

-En það er ákkúrat ekkert sem grípur augað í þessu verki?

„Nei. En um leið einhvern veginn kannski allt..."

-Heldurðu að það sé svo svart að fólk hægi sjálfkrafa á sér?

„Já."

Fjórði þáttur verksins er stafli af kössum með loftgöt sem minnti samstundis á eina mestu ógn ónáttúrulegs borgarbúa — Nagdýrin.

-Til hvers eru þeir?

„Svona pappakassar eru eitthvað sem fólk getur tengt beint við hversdaginn sinn. Fólk geymir hluti í þessu, þeir eru notaðir í flutningum. Þarna er eitthvað samankomið..."

-Setur líf sitt ofan í kassa?

„Já. Ísland er jú líka einn heljarstór og lokaður súrefniskassi."

Er það þá eitthvað svipað því sem fólk gerir þegar það setur líf sitt inn í nýtt þjóðarform eða eðli með því að læra nýtt tungumál, spurði blaðamaður kokhraustur yfir að hafa nú náð að tengja þessa fjóra, áður óskiljanlegu, þætti saman í eina fína rökræna heild og geta þá gengið út af Kjarvalsstöðum með þessi ágætu hugtök eins og þjóðarvitund, þjóðtunga, einangrun og vitsmunalegt sifjaspell hringlandi í kollinum og fengið margra sólarhringa fóður fyrir heilastarfsemina. Haraldur játti reyndar spurningunni en hrundi þessari heildrænu mynd sem tekin var að virka á kerfisbundinn þankaganginn með einni af gullvægum kennisetningum listamanna:

„Það má nú lesa þetta í mörgum lögum og þetta er bara eitt þeirra."

-LÓA